

## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-02614/AIG-19**

Dags: **6. ágúst 2014**

Staður: **Á flugi vestur af Viðey**

Lýsing: **Plastgler á flugstjórnarklefa f auk af**

Þann 6. ágúst var flugmaður ásamt farþega á flugi á flugvél TF-BLU (Pitts) vestur af Viðey, þegar plastgler á flugstjórnarklefa f auk af. Atvikið var ekki tilkynnt til RNSA fyrr en fimm dögum síðar og mjög takmarkaðar upplýsingar bárust þá nefndinni um atvikið.

Ítrekar nefndin tilkynningaskyldu án ástæðulausrar tafar á alvarlegum flugatvikum og flugslysum til RNSA. Í 4. grein reglugerðar 53/2006 um tilkynningaskyldu flugslysa, alvarlegra flugatvika og atvika segir:

*„Hver sá sem veit um flugslys eða alvarlegt flugatvik, þ.m.t. flugumferðaratvik, skal tilkynna það rannsóknarnefnd flugslysa án ástæðulausrar tafar. Alvarlegum flugatvikum er sérstaklega lýst í viðauka I. Sérstaka skyldu í þessu efni hafa Flugmálastjórn Íslands, stjórnendur loftfara, handhafar flugrekstrarleyfis og vaktstöð skv. lögum um samræmda neyðarsímsvörun. Sama gildir um þann sem finnur loftfar eða aðra hluti við aðstæður er benda til þess að flugslys hafi orðið.“*

Einnig bendir RNSA á að í 5. grein reglugerðar 53/2006 segir:

*„Tilkynna ber flugslys og alvarleg flugatvik símleiðis, svo fljótt sem kostur er...“*

Í þessu samhengi bendir RNSA á bakvaktarsíma flugslysasviðs, en hann er **660-0336**.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 6. nóvember 2014.